



Fréttabréf MFÍK

mars 2011

Á döfinni hjá MFÍK

8. mars í 100 ár

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti.
Dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 17 (sjá meðfylgjandi dagskrá).

Menningarganga með Birnu Þórðardóttur 10. maí

Í tilefni af 60 ára afmæli sínu býður MFÍK félagskonum í menningargöngu með Birnu Þórðardóttur þriðjudaginn 10. maí kl. 17.

Að göngu lokinni verður boðið upp á léttan kvöldverð á hóflegu verði í Friðarhúsi.

Vinsamlegast skráið ykkur í gönguna með því að senda póst á mfik@mfik.is eða slá á þráðinn í síma 5512946 / 6912946.

Fréttir af aðalfundi

Þriðjudaginn 15. febrúar voru haldnir tveir fundir á vegum MFÍK í Friðarhúsi v/Snorrabraut. Byrjað var að kynna lagabreytingar á opnum félagsfundi. Eftir að honum lauk var boðið upp á léttan kvöldverð og síðan hófust hefðbundin aðalfundastörf. Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins. Guðrún Hannesdóttir, sem verið hefur varaformaður félagsins, gaf ekki kost á sér aftur og var Sigurlaug Gunnlaugsdóttir kosin varaformaður í hennar stað. Sigríður Gunnarsdóttir tók sæti Auðar Ingvadóttur sem annar varamaður stjórnar. Skýrslu stjórnar og lagabreytingar má lesa á heimasíðu félagsins: www.mfik.is

Núverandi stjórn:

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, formaður
Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, varaformaður
Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri
Dögg Árnadóttir, ritari
Guðrún Hannesdóttir, meðstjórnandi
Margrét Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
María S. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn:

Íris Ellenberger
Sigríður Gunnarsdóttir

Heiðursfélagar MFÍK



Þær heiðurskonur Vilborg og Margrét með Margréti Guðmundsdóttur, stjórnarkonu, á milli sín

Á aðalfundi 15. febrúar 2011 voru Margrét Guðnadóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir tilnefndar heiðursfélagar MFÍK og var þeim afhent heiðursskjal. Báðar hafa þær unnið ótullega og af hugsjón í þágu félagsins í fjölda ára. Vilborg var einn af stofnfélögnum og Margrét gekk til liðs við félagið um 1970.

Breytt innheimta félagsgjalda

Á síðasta ári var ákveðið að í stað þess að senda út gíróseðla til félagskvemma að hvetja þær til að borga félagsgjöldin beint inn á reikning MFÍK. Þessi tilraun tókst fremur illa og urðu heimturnar litlar. Á aðalfundi var rætt um að breyta innheimtuaðferðum og var málinu vísað til stjórnar. Stjórnin ákvað síðan að prófa að innheimta félagsgjöldin í gegnum heimabanka og munu félagsgjöldin birtast þar innan tíðar. Þær félagskonur sem ekki hafa heimabanka fá sendan gíróseðil.

Félagsgjöldin er þau sömu og þau hafa verið undanfarin ár; kr. 1.500 fyrir eldri borgara og námsmenn og kr. 2.500 fyrir aðra.

Heimsókn Irmu González til Íslands

Irma González frá Kúbu er á ferð um Norðurlönd á næstunni til að tala máli föður síns og fjögurra annarra sem hafa af pólitískum ástæðum hlotið þunga dóma í Bandaríkjunum. Réttarhöldin yfir þeim Gerardo Hernández, Antonio Guerrero, Ramón Labañino, Fernando González og René González hafa verið fordæmd alþjóðlega, en þeir hafa nú setið á tólfta ári í bandarískum fangelsum. Irma talar einnig máli móður sinnar og fleiri kvenna sem fá ekki að heimsækja eiginmenn sína. Fjölskyldurnar og aðrir stuðningsmenn hafa aflað víðtæks stuðnings, en kunnir talsmenn mannréttinda, stjórnámamenn og listamenn, þar á meðal Nóbelsverðlaunahafar, hafa hvatt til að mennirnir verði leystir úr haldi.

**Irma Gonzales fjallar um málið á opinberum fundi 31. mars kl. 19.30
í sal MÍR, Hverfisgötu 105.**

Allir velkomnir. Léttar veitingar verða í boði á vægu verði frá kl. 19.

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti

Dagskrá í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur þriðjudaginn 8. mars 2011 kl.17

8. mars í 100 ár

Frú Vigdís Finnbogadóttir ávarpar samkomuna í upphafi fundar

Ávörp:

Elín Björg Jónsdóttir: *Þín herhvöt oft fékk ekki svar*

Fatima Khua: *Konur í stríði og friði*

Harpa Stefánsdóttir: *8. mars í Mamadur - vídeóinnslag*

Ragnheiður Gyða Jónsdóttir: *Oue vadis, domina? – Hvert ætlarðu, kona?*

Andrés Magnússon: *Áhrif stríðs á manneskjuna*

Katrín Oddsdóttir: *Hið ofbeldisfulla afstöðuleysi*

Ellen Kristjánsdóttir syngur

Helga Tryggvadóttir: *Frelsi og rétturinn til að mótmæla*

María S. Gunnarsdóttir: *Tímamót*

Fundarstjóri: Kolbrún Halldórsdóttir

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK, Alþjóðlegur jafnréttisskóli við Háskóla Íslands (GEST-programme), BHM-Bandalag háskólamanna, BSRB-Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagssráðgjafafélag Íslands, Íslandsdeild Amnesty International, Kennarasamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennahreyfing Öryrkjabandalags Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Samtök um Kvennaathvarf, SFR- stéttarfélag í almannajónustu, SHA - Samtök hernaðarandstæðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, ST.Rv – Starfsmannafélag Reykjavíkur, Söguhringur kvenna, Þroskaþjálfafélag Íslands.